

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

370. tbl - 8. árg.

9. október 2008

 SPARISJÓÐURINN
Ólafsvík
Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Gjafir frá Lionsklúbbum Rán



Sunnudaginn 5. október síðastliðinn kom Lionsklúbburinn Rán færandi hendi og gaf Skammtímavistuninni á Gufuskálum góðar gjafir. Voru þetta þythokkýborð og smellukubbar, sem eiga eftir að skemmta þeim sem þarna eru í vistun.

Svæðisskrifstofa málefna

fatlaðra Vesturlandi rekur skammtímavistun á Gufuskálum fyrir börn og unglunga með fötlun.

Á meðfylgjandi mynd eru fulltrúar Lionsklúbbsins Ránar, ásamt starfsfólki og börnum þeim sem voru í vistun.

Háttsettur hrútur



Í smalamenskum í lok síðasta mánaðar náðist ágætlega að koma fé ofan af fjalli og í réttir. Meðfylgjandi mynd er tekin við fjárhúsin undir Enninu í Ólafsvík en líklegt hefur hrútnum ekki

liðið vel á láglandinu og brá sér því upp á þak og er smalinn að bíta við að koma hrútnum niður.

Myndina tók Heimir Ívarsson.

Vorum að taka upp
úlpur Kuldagalla og flíspeysur.

Einnig loðfóðruð stígvél
fyrir stráka og stelpur.

Verið velkomin



Íþróttaskóli

Kynnum breyttan tíma á íþróttaskólanum
á laugardögum frá kl 12. - 13.

Vegna óviðráðanlegra orsaka
verður næsti tími í íþróttaskólanum
þann **11. okt** í íþróttahúsinu á Hellissandi
(bara þetta skipti).

Þín verslun

Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.
Fjöldi annara tíloða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

Verslunin Kassinn ehf.
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346
meil. kassinn@thinverslun.is

Varst það þú árið 1959?

Bæjarskrifstofun Snæfellsbæjar barst á dögnum bréf frá manni í Bandaríkjunum þar sem óskað var eftir aðstoð við að finna konu sem hann kynntist á Íslandi árið 1959, bréfið hljóðaði svona:

Hello My name is Charles Wycoff living in Kansas City, Kansas USA.

In 1959 I was posted to the LORAN Station now called Gufuskalar rescue corps. As the construction of this station was winding down and we got a chance to see some of the awesome countryside we visited Hell-

issandur as we were invited to a dance. I used to teach ballroom dance in the states and had a great time. Later two of the young women visited us at the station (day-time) We visited and listened to music and tried to converse. My Icelandic is sparse but I worked at it.

I remember that of the two young women (one brunette and one blonde) I enjoyed the dancing and friendship with the blonde. I drove the two home to a small town north and east of Hellissandur, maybe Olafsvik, where I had to wait

for the tide to go out and drive over the rocks and upward into town.

We exchanged addresses and soon I was re-assigned back in the states. I received a letter from her in Icelandic and in 1959/60 there wasn't a translator available. I misplaced it during several more transfers.

Now this is 50 years ago but I wonder how she is doing and if she would care to fill in with what has been going on in her life.

Charles Wycoff
cwycoff@kc.rr.com

ungar dömur og heimsóttu okkur á lóranstöðina (að degi til). Við hlustuðum á tónlist og reyndum að spjalla saman. Íslenskan mín var slæm en ég reyndi að nota hana.

Ég man að önnur stúlkanna var dökkhærð og hin ljóshærð. Ég hafði sérstaklega gaman af að dansa við og af vinskapanum við þá ljóshærðu. Ég keyrði stúlkurnar báðar heim í þorp norðaustur af Hellissandi, kannski til Ólafsvíkur, þar sem ég þurfti að bíða eftir fjöru til að geta keyrt yfir grjótið og inn í þorpið.

Við skiptumst á heimilisköngum og fljótlega þurfti ég að fara aftur til Bandaríkjaanna. Ég fékk bréf frá henni á íslensku í kringum 1959-1960 en það var engin leið að fá það þýtt. Ég hef svo tínt því í flutningum.

Þetta var fyrir 50 árum en mig langar til að vita hvernig hún hefur það og hvort hún hefði áhuga á að „taka upp þráðinn“ og láta mig vita hvernig henni hefur vegnað í lífinu.

Charles Wycoff
cwycoff@kc.rr.com

Hér er svo bréfið lauslega þýtt á íslensku:

Halló.

Ég heiti Charles Wycoff og bý í Kansas City, Kansas USA (netfang: cwycoff@kc.rr.com)

Árið 1959 vann ég við byggingu á Lóran stöðinni á Gufuskálum og þegar húsbbyggingunni var að ljúka fengum við að skoða okkur um og heimsóttum Hellissand þar sem okkur var boðið á ball. Ég hafði kennt samkvæmisdans í Bandaríkjunum og skemmti mér afar vel. Seinna komu tvær



HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · ☎ 436 1362

HAMBORGARATILBOÐ
fyrir einstaklinga og fjölskyldur

GETRAUNIR

Snæfellsbæjarmótið fór af stað um síðustu helgi, leikirirnir fóru sem hér segir.

1.VK lagnir-Saxhamar 7-8
2.Vinir Togga- Bylgjankk 7-8
3.Ferskur- Deloitte 8-8
4. Bylgjankvk-Fiskv Björg 5-8
5.Gunnar Bjarnason-Hobbitinn 6-8
6.Dísurnar-Steinprent 7-6.

Önnur umferð verður um næstu helgi og þá mætast.

1.Dísurnar-Gunnar Bjarnason.
2.Saxhamar- Vinir

Togga. 3.Deloitte-Steinprent.
4.Bylgjankvk-VK lagnir.
5.Bylgjankk-Ferskur.
6.Fiskv Björg-Hobbitinn.
Staðan verður birt síðar, en þeir sem vilja sjá stöðuna fyrir mæta í Íþróttahúsið á laugardaginn og TIPPA í leiðinni.

Opnum kl.10.30. Middlesboro-Chelsea í beinni.

Heitt kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.

Stjáni Tótu.



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?
Logar viðvörunarljós í mælaborði?
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Úpplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Neif: bylgja@bylgja.is



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar elskulegu móður,

Jóhönnu Kristjánsdóttur

Ólafsvík

Jenný Guðmundsdóttir,
Bára Guðmundsdóttir,
Kristín E. Guðmundsdóttir,
Metta S. Guðmundsdóttir,

Jónas Gunnarsson,
Pétur F. Karlsson,
Sigurður P. Jónsson,

Ömmu og langömmubörn

Aukin þjónusta fyrir unglingana

Nýlega undirrituðu Kristný Rós Gústafsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir íþróttar og æskulýðsfulltrúi samning þess efnis að Kristný myndi sjá um afþreyingu fyrir alla í 8. til 10. bekk í Snæfellsbæ, tvær helgar í mánuði. Margt skemmtilegt verður í boði og verður dagskráin fram að áramótum svona á þá leið að helgina 11. - 12. október verður óvissa og ljósmyndasamkeppni kynnt á laugardegi en ratleikur og brennókeppni sunnudegi. Helgina 25. - 26. október verður leikhúskvöld/leikir/kaffihús fyrri daginn og svokallað Ævintýraland seinni daginn. 8. nóvember verður sundlaugapartý og daginn eftir verður boðið uppá spurn-



ingakeppni/kynlífsfræðslu, helgina 22. - 23. nóvember verður svo lista- og tónlistarkvöld fyrri daginn og sleepover seinni daginn.

Mæting er kl 20:00 í félagsmiðstöðina Afdrep þau kvöld sem auglýst er.

Verum dugleg að mæta og tökum þátt í því sem í boði er.

VIRKIÐ Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18

Afríkupema hjá grunnskólanum

Föstudaginn 3. október var opið hús í Grunnskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi í tilefni þess að nemendur 1. - 4. bekkjar höfðu verið að vinna með Afríkupema. Þá komu forráðamenn og skoðuðu afrakstur vinnu nemenda. Hver bekkur söng eitt lag sem tengdist þemanu. Einnig söng barnakórinn sem er skipaður nemendum í 2. - 4. bekk. Tónmenntakennari skólans, Veronica Osterhammer, stjórnadi söngnum.

Á þessum þemadögum höfðu nemendur fengið

fræðslu um Afríku og séð myndbönd þáðan. Búið til grímur, hálsfestar og armbönd. Búinn var til pýramídi úr mjólkurfernum og kofi úr pappa og stráum. Gerðar voru trommur og hristur sem nýttar verða í tónmenntakennslunni í vetur. Búið var til landkort, dýrin teiknuð og líka fánar landanna. Nemendur máluðu á dúka og bökuðu ýmislegt eftir uppskriftum frá Afríku sem fólk gæddi sér á. Veina skólalíði sem er frá Egyptalandi fræddi nemendur um múhameðstrú og trúariðkun



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ - 186. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 9. október 2008 og hefst hann í Félagsheimilinu Röst kl. 17:00.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 203. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 23. september 2008.
- 2) Fundargerð 28. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 25. september 2008.
- 3) Fundargerð 58. fundar Lista- og menningarnefndar, dags. 17. september 2008.
- 4) Fundargerð 140. fundar Skólanefndar, dags. 8. september 2008.
- 5) Fundargerð 14. fundar Pakkhússnefndar, dags. 4. september 2008.
- 6) Fundargerð 41. fundar Íþróttar- og æskulýðsnefndar, dags. 4. september 2008.
- 7) Fundargerð 13. fundar Landbúnaðarnefndar, dags. 3. september 2008.
- 8) Fundargerð 92. fundar Hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 25. ágúst 2008.
- 9) Fundargerð safnanefndar Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, dags. 11. júní 2008.
- 10) Fundargerðir 79. og 80. fundar Félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 12. ágúst og 2. sept. 2008.
- 11) Fundargerð 90. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 9. júlí 2008.
- 12) Bréf frá Ragnari Mar Sigrúnarsyni, ódags., varðandi úrsögn úr Íþróttar- og æskulýðsnefnd.
- 13) Bréf frá Sverri Hermannssyni, ódags., varðandi hvalaskoðun frá Ólafsvík.
- 14) Bréf frá skóla- og rekstrarnefnd Laugagerðisskóla, dags. 22. september 2008, varðandi eignarhlut í Laugagerðisskóla.
- 15) Bréf frá Aðalsteinu Sumarliðadóttur, dags. 30. september 2008, varðandi afhjúpun á minniserki um Jóhann Jónsson skáld frá Ólafsvík.
- 16) Bréf frá Brunamálstofnun, dags. 25. september 2008, varðandi brunavarnarætlun Snæfellsbæjar.
- 17) Bréf frá Menntamálaráðuneytinu, dags. 23. september 2008, varðandi framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 10. bekk.
- 18) Bréf frá Brunabótafélagi Íslands, dags. 2. október 2008, varðandi ágóðahlutagreiðslu 2008.
- 19) Minnispunktar bæjarstjóra

Snæfellsbæ, 7. október 2008

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar



þeirra. June sem fædd er og uppallinn í Suður-Afríku kom og sagði þeim frá sínum heimkynnum.

Margir forráðamenn sáu

sér fært að koma og gleðjast með okkur og er alltaf ánægjulegt að fá þá í heim sókn í skólann okkar.

EEÁ

Ég berst á fáki fráum...

Mikil gróska hefur verið í hestamannafélaginu Hring í Ólafsvík undanfarnin misseri og hefur félagsmönnum fjölgað jafnt og þétt. Margar styttri og lengri ferðir voru farnar á liðnu sumri, bæði skipulagðar og óskipulagðar, skal hér stiklað á stóru. Í upphafi sumars var riðið til messu að Brimilsvöllum og var séra Magnús í broddi fylginga. Eins og undafarin ár þegar veður hefur leyft var þátttaka með besta móti, enda alltaf skemmtilegt að taka þátt í hestamannamessu og þiggja kaffiveitingar að messu lokinni á Brimilsvallarheimilinu. Þann 14.júní var svo efnt til Mávahliðarreiðar sem einnig er árlegur viðburður, þá er riðið að sumarbuðstað sem hjónin Raggi í Mávahlið og Sigrún eiga. Þar var byrjað á því að þiggja bestu kleinur í heimi og kaffi af húsfreyjunni, síðan var slegið upp grillveislu að hætti hestamanna.

Stærsti viðburður sumarsins var án efa sex daga ferð sem farin var undir tryggni farastjórn Gumma Óla (Gumma koniak). Byrjað var á því að selflytja hestana með Aðalflutningum frá Ólafsvík að Melum í Hrútafirði. Um hádegisbil þann 22. júlí lagði kátur hópur hesta og knapa af stað frá Melum og lá leiðin í Haukadal í Dalasýslu, þá nótt



gisti hópurinn að Stóra-Vatnsholti. Á öðrum degi var síðan riðið frá Haukadal yfir fjöll og fyrnindi og náttstaður tekin í fjallskála í Hítardal. Þriðja dagleiðin var frá svo frá Hítardal að Hundastapa á Mýrum sem eru uppeldisstöðvar farastjórans, um nóttina gistu ferðalangar að Lyngbrekku félagsheimili Mýrarmanna. Fjórdi dagurinn var svo notaður til að riða út í eyju sem heitir Hjörsey en þangað er einungis hægt að komast á hestum þegar fjara er. Ekki er lengur búið á þessari eyju en þó eru gamlir ábúendur sem hafa þarna sumarsetu, um nóttina var síðan gisti í Lindartungu félgsheimili í Kolbeinsstaðarhrepp. Löngufjörur og Fróðarheiði voru tekin í tveimur áföngum, fyrri daginn var riðið frá Hundastapa að Görðum í Staðarsveit og sein-

ni daginn frá Görðum til Ólafsvíkur. Eins og flestir hestamenn vita, þá eru fáar reiðleiðir eins skemmtilegar og Löngufjörur og koma hestamenn víða að til að upplifa það.

Þessi ferð var í alla staði vel heppnuð, þátttakan var alveg með eindæmum góð í svo litlu félagi, en 20 knapar tóku þátt með á sjötta tug hrossa. Á kvöldin var grillað, sungið, tekið í spil og dansaður línudans. Veðrið lék við okkur eins og í öllum ferðum sumarsins og höfðu menn á orði að það væri helst til of heitt

fyrir hrossin. Það þarf ekki að taka það fram að svona ferð krefst mikils skipulags og á farastjórn mikið hrós skilið.

Síðasta skipulagða ferð sumarsins var svo Haustferðin sem er tveggja daga ferð í sumarhúsið hjá Halla og Laugu að Anarstapa. Þá er riðið yfir Jökulháls og svo ýmist farið vestan eða austan megin við jökul heim, að sjálfsgöðu var svo slegið upp veislu á áfangstað.

Föstudaginn 10. okt. n.k. koma svo hestamenn saman og gera sér glaðan dag, á dagskránni er að heilgrilla lamb, skoða myndir úr starfsemi sumarsins, dansa línudans og taka lagið.

Hestamennska er ótrúlega skemmtilegt sport eða eins og segir í kvæði Hannesar Hafstein. Ég berst á fáki fráum, fram um veg, mót fjallahliðum háum hleypi ég, því lund mín er svo létt.... Ef þig langar að kynnst þessu sporti þá er bara að koma upp í hesthús og kynna þér málið, alltaf velkomin.



Námskeið í frönsku!

Nicolas Jacoup, í samvinnu við Grunnskóla Snæfellsbæjar, hyggst halda námskeið í frönsku fyrir fullorðna íbúa bæjarins.

Kennt verður í húsnæði skólans í Ólafsvík á miðvikudögum milli kl. 18:00 og 20:00.

Námskeiðið er ókeypis og skráning fer fram í fyrsta tíma.

HEREFORD kvöldi sem vera átti 10. og 11. október er aflýst vegna lélegrar þáttöku.



J-listinn, vetrarstarf



Vetrarstarf J-listans, hófst um miðjan september með fyrsta fundi stjórnar þar voru að venju lögð drög að fundum vetrarins.

Stjórnin ákvað að hefja starfið með því að boða alla af framboðslistanum á samráðs- og upplýsingafund 22. september. Góð mæting var á fundinn og mikill hugur í fundarmönnum. Kristján og Steiny sögðu frá því sem á undan er gengið og hvað er á döfinni. Ákveðið var að halda áfram mánaðarlega opna upp-

lýsingafundi eins og undanfarna vetur, svo - bæjarbúar fái tækifæri til að fræðast, koma með ábendingar og fá spurningum svarað.

Næsti fundur verður aðalfundinn 20. október, í Miðbæ kl. 20:00. Byrjað verður á hefðbundnum aðalfundarstörfum, síðan munu bæjarfulltrúarnir okkar og nefndarmenn fara yfir hvað hefur áunnist af stefnumálum J-listans í bæjarstjórn og í nefndum. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir á fundinn, fulltrúar okkar munu svara spurningum fundarmanna og taka á móti tillögum um það sem betur má fara.

Stjórn J-listans

Bleikur mánuður

Undanfarin ár hefur Krabbameinsfélag Íslands helgað októbermánuð söfnunarátaki til eflingar á rannsóknnum og leit í baráttunni við brjóstakrabbamein. Bleik slaufa úr taui sem hönnuð var til minningar um mæður, eiginkonur og dætur sem fengið hafa brjóstakrabbamein hefur verið gefin gegn frjálsum framlögum. Einnig hefur skapast sú hefð að lýsa opinberar byggingar upp í bleiku ljósi meðan á söfnunarátakinu stendur.

Í ár var brugðið út af venni vegna lokafjáröflunar nýrra tækja fyrir Leitarstöð K.Í. Var Hendrika Waage, skartgripahönnuður, fengin til að hanna bleika brjóstnál

með slaufulaginu til að selja í þessum tilgangi. Útkoman; tvær gerðir brjóstnála í mismunandi stóru upplagi verða seldar í sérátaki sem stendur frá 1. til 15. október út um allt land. Ódýrari gerðin, alsett smáum bleikum steinum, kostar 1.000 krónur og silfurslaufan kostar 5.900 krónur.

Á norðanverðu Snæfellsnesi munu 5 kirkjur verða baðaðar bleiku ljósi og nælurnar munu fást í lyfjaverslunum í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi, Samkaupum í Grundarfirði og Heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.

Krabbameinsfélag Snæfellsness

Smáauglýsingar

Til leigu

er 120 m² íbúð að Hjarðartúni 12 efri hæð, Ólafsvík. fjögur svefnherbergi. Leiga 80.000 + rafmagn. Laus strax. Upplýsingar í síma 8963867 Kristján.

Til leigu

108 fermetra íbúð til leigu. laus strax upplýsingar í síma 8996882 / 4366882 Sara

Bikarkefni BLÍ haldin í Snæfellsbæ

Í tilefni af 80 ára afmæli Víkings Ólafsvík verður haldin fyrri umferð bikarkeppni Blaksambands Íslands 10. Og 11. Október. Mótið hefst klukkan 19:00 á föstudag og líkur um klukkan 16:00 á laugardag.

6 karla- og 8 kvennalið mæta til leiks. Við hvetjum alla til þess að koma og fylgjast með besta blakfólki

landsins.

Á morgun föstudag mun Michael Overhage landsliðsþjálfari í blaki vera með æfingar fyrir blakkrakkana okkar.

Sjáumst í 80 ára afmæli Víkings á sunnudaginn klukkan 14:00 á Félagsheimilinu Klífi.

Afmælisnefnd UMF Víkings

 **KÆLIVER** ehf
S:530-3100

INGJALDSHÓLSKIRKJA

Fjölskyldumessa

nk. sunnudag kl. 11. Barnakór Snæfellsbæjar
syngur undir stjórn Veronicu Osterhammer við
undirleik Nönnu Þórðardóttur.

Allir velkomnir

Sóknarprestur



Göngum til góðs

Landssöfnun Rauða kross Íslands, Göngum til góðs, fór fram á laugardaginn. Að þessu sinni var safn-

að til styrktar sameiningu fjölskyldna í Kongó sem hafa sundrast vegna styrjaldar eða annarra hörmunga. Í þéttbýliskjörnum í Snæfellsbæ gengu 32 sjálfbóðaliðar með 12 bauka. Þrátt fyrir að margir væru að heiman þessa helgi gekk

söfnunin nokkuð vel. Í þeim húsum þar sem fólk var ekki heima voru skilin eftir „fótspor þar“ sem fram

kom hvert fólk ætti að hringja ef það vildi gefa í söfnunina. Alls söfnuðust kr. 143.248.-

Snæfellsbæjardeildin vill þakka bæjarbúum fyrir góðar móttökur.

EEÁ



Hin árlega influensubólusetning er hafin á Heilsugæslustöð Ólafsvíkur.



Bólusettt verður alla virka daga **kl. 8-9 og kl. 15-16**.
Ef óskað er eftir öðrum tíma þarf að panta hann.
Bólusettt verður í Grunnskólanum á Lýsuhóli
fimmtudaginn 16. október kl. 13-15.

Fyrirtæki eiga möguleika á að fá þessa þjónustu inn í fyrirtækið ef þess er óskað.


Mælt er sérstaklega með bólusetningu allra 60 ára og eldri, allra fullorðinna og barna með langvinna hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdóma, sykursýki, illkynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma.
Einnig þá sem annast fólk með aukna áhættu.

Allir sem fá bólusetningu þurfa að greiða komugjald til stöðvarinnar, en þeir sem taldir eru upp hér að framan fá bóluefnið frítt.

Munið að framvísa afsláttar-og/eða örorkuskirteinum við komuna. Einnig minnum við á **lungnabólubólusetningar** handa öllum 60 ára og eldri og þeim sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum. Þessi bólusetning er æskileg á 10 ára fresti.

Heilsugæslustöðin í Ólafsvík

Ólafsvíkurkirkja



Sunnudagaskóli

Sunnudagaskóli
fellur niður nk. sunnudag en við fylgjum
Barnakórnum í fjölskyldumessu í Ingjaldshólskirkju.

Sóknarprestur



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

LAGERSALA

Fatamarkaðurinn verður opinn aftur um næstu helgi í gamla
XD húsinu (Ennisbraut 1)!!!!

Erum búin að bæta við fullt af nýjum vörum og um að gera
að nota tækifærið og byrja jólaínkaupin snemma.

Verðdæmi

Stuttermabolir.....	kr. 1.000
Síðir bolir.....	kr. 1.500
Kvartbuxur.....	kr. 1.500
Skyrtur.....	frá kr. 1.500 – 2.500
Kjólar.....	kr. 2.000
Peysur.....	frá kr. 2.000 – 2.500
Buxur.....	kr. 3.000 <u>2. stk. kr. 5.000</u>
Jakkar.....	kr. 4.000 – 5.000

Fullt hús af merkjavöru á góðu verði... vörur frá merkjum eins og
Psycho cowboy, Cheyenne, 4you og gott úrval af barnafatnaði.

Opnunartími:

Föstudagur 10. okt. kl. 14 - 18
Laugardagur 11. okt. kl. 13 - 18
Sunnudagur 12. okt. kl. 13 - 18



ATH !! ABBA show

verður í Röstinni 1. nóv. 2008

Matur, show og ball

Nánar auglýst síðar

UMF. Reynir

p.s. munið að taka kvöldið frá.

HEIM-SENDIR

Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími: 431 5613 - netfang: vorur@simnet.is

Lauga: 895 5613 - Halli: 899 5613 - Vöiir: 899 5624



Vöruafgreiðsla að Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Ferðir alla virka daga frá Norðurtanga 1 í Snæfellsbæ kl. 10
og frá afgreiðslu að Skútuvogi 13 í Reykjavík kl. 17